




Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. desember 2023 var lögð fram fyrirspurn Makaku ehf., dags. 19. nóvember 2023, ásamt bréfi Óttars Magnúsar Karlssonar f.h. Makaku ehf., ódags., um að breyta bílskúrum á lóð nr. 12 við Sigluvog í íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25.janúar.2024



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd af Sigluvogi 12

Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin að Sigluvogi 12, borgarhluta 4 Laugardal og er á skilgreindu íbúðarsvæði íB27 Sund.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni. Því þarf að skoða erindið út frá gildandi aðalskipulagi, byggðarmynstri, sérkennum og fagurfræðilegum áherslum, allar byggingarleyfisumsóknir þarf því að grenndarkynna.

Umsögn

Húsið á lóð Sigluvogar 12 er steinsteypt hús teiknað af Sigvalda Thordarson arkitekt árið 1952. Húsið er kjallari og tvær hæðir ásamt tvöföldum bílskúr. Bílskúrin var teiknaður árið 1956 og liggur að lóðarmörkum Sigluvogar 14 og er hann samtengdur þeirri bílageymslu. Bakhlið bílskúrsins er á lóðarmörkum göngustígs sem liggur að opnu leiksvæði en stígurinn tengir Langholtsveg, Sigluvog, Drekaog og Njörvasund. Sérafnotaflötur er fyrir framan bílskúra en umgengisréttur annarra eigenda er um þennan flöt.

Óskað er eftir áliti skipulagsfulltrúa á hvort heimilt er að gera tvær íbúðir í sitthvorri bílageymslunni á lóð Sigluvogar 12. Eina íbúð í hvorri bílageymslu með sér inngangi að hvorri íbúð fyrir sig og möguleika á að bæta við gluggum til að fá meiri birtu inn í rýmið. Breytingar sem þessar verða að eiga sér stað í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi, ekkert skipulag er í gildi fyrir lóðina og þar af leiðandi er ekki hægt að fallast á erindið.



Mæliblað



Götumynd af Sigluvogi 12 ásamt innkeyrslu 14.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í að gera íbúðir í bílageymslu.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Laufey B. Sigurðardóttir, verkefnastjóri